


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Tréstigar TRS102	
Námsáætlun vorannar 2017		

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur um smíði tréstiga innanhúss með áherslu á algengustu útfærslur þeirra, samsetningar, smíði og yfirborðsmeðferð. Nemendur læra að búa til skapalón í fullri stærð eftir teikningum og hvernig þau eru notuð til að smíða þrep, stigakjálka og stigahandrið með rimlum m.m. Nemendur fá þjálfun í að smíða tréstiga eða einstaka hluta þeirra í smækkaðri mynd og nota til þess hefðbundin áhöld og algengar trésmíðavélar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og er áfanginn bæði ætlaður húsasmíðum og húsgagnasmíðum.

Áfangamarkmið

Nemandi


- geti valið heppilegt smíðaefni með tilliti til útfærslu og notkunar
- þekki smíðaefni sem notað er í tréstiga og handrið innanhúss
- þekki límtré og notkun þess í þrep, uppstig og kjálka á tréstigum
- kunni skil á smíðisfestingum til notkunar við samsetningu tréstiga
- þekki notkun prófíla úr málm og plasti á tréstiga og handrið
- kunni skil á áhöldum og tækjum til smíði tréstiga og handriða innanhúss
 - geti valið og haldið við áhöldum fyrir smíði tréstiga og handriða
 - geti valið trésmíðavélar og rafmagnshandverkfæri til stigasmíði
 - þekki uppbyggingu og notkun hjólsaga og bandsaga í smíði tréstiga
 - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað áhalda og tækja
- þekki samsetningaraðferðir á tréstigum og handriðum innanhúss
 - þekki samsetningar með bæði grötun og smíðisfestingum á tréstigum
 - þekki uppsetningu og festingu handriða við stigakjálka og í vegg
 - hafi innsýn í formlímingu á bognum smíðishlutum í kjálka og handrið
 - geti valið þvingur og pressur fyrir smíði tréstiga og handriða
 - þekki öryggisreglur og öryggisbúnað varðandi smíði stiga og handriða
- kunni skil á yfirborðsmeðferð tréstiga og handriða innanhúss
 - þekki aðferðir og efni til að yfirborðsmeðhöndla tréstiga og handrið
 - geti valið slípi- og lökkunarkerfi fyrir mismunandi viðartegundir
 - þekki öryggisráðstafanir við yfirborðsmeðferð á tréstigum og handriðum
- geti smíðað snúinn tréstiga með eða án handriðs og sett upp
 - geti smíðað þrep og kjálka á snúinn tréstiga með viðeigandi samsetningum
 - geti búið til skapalón í fullri stærð eftir stigateikningum
 - geti smíðað rimla, handrið og stigastólpa eftir því sem við á
 - geti sett saman tréstiga í samræmi við kröfur um málsetningu og útlit

Efnisatriði/kjarnahugtök

Einfaldur stigi, hornstigi, snúinn stigi, kvartsnúinn stigi, hálfsnúinn stigi, hringstigi, pallstigi, stigapallur, lúgustigi, tröppur, þrep, bratti, uppstig, framstig, þrepabrún, táborð, skrefalengd, ganghæð, ganglína, stigakjálki, bakkjálki, framkjálki, trappa, hæð stiga, frágangþrep, stigalengd, stigahandrið, rim, handlisti, stigastólpi, stiganef, stigaprófill, einfalt grat, tvöfalt grat, töppun, smíðistengi, skapalón, séruppdrættir, tálguhefill, bandsög.

Námsgögn:

Teikningar frá kennara byggðar á sveinsprófum undanfarinna ára.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Tréstigur TRS102 Námsáætlun vorannar 2017		

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Áætlun um yfirferð:			
Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Skil	Vægi
2	Kynning á verkefnum annarinnar		
2 – 6	Snúinn stigi (mál, vinkill, fræsingar, áferð)	9. febrúar	80% (4x20%)
2 – 6	Starfseinkunn (framtak, nákvæmni, umgengni, ástundun, útlit)		20%
7 – 17	LHÚ104 (sjá námsáætlun)		
17 - 18	Lokafrágangur á verkefnum, skrásetning og hengslun hurða, undirbúningur fyrir sveinspróf.		
Samtals			100%


Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus en verkefni verður metið í lok annar. Nemandi getur unnið við verkefni eftir skiladag utan kennslutíma. Við mat verður horft til framtaks, nákvæmni, áferðar og útlits.

Dagsetning:

6. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fágstj eða staðgenglis